

fyrir hinn stefnda bæjarfógeta, og er áfrýjandi því rjettilega sektaður fyrir þau eptir 219. gr. almennra hegningarlaga. Að því kemur til málskostnaðar í hjeraði, hefur áfrýjandi haldið því fram, að undirdómarinn hafi reiknað kostnað sinn við 5 ferðir frá Hafnarfirði of hátt og vill því fá málskostnaðinn lækkaðan að því kostnaðarreikning setudómarans snertir úr 45 kr. niður í 20 kr.; en til slíkrar niðurfærslu virðist engin ástæða vera. Með því nú landsyfirdómurinn fellst á hjeradsdóminn bæði að því snertir sektarupphæðina, ómerking hinna átöldu meiðyrða og ákvæði hans um málskostnað, — þar með talin laun hins skipaða talsmanns stefnda í hjeraði, þá ber að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 15 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi, Hannes Þorsteinsson, greiði stefnda, Halldóri bæjarfógeta Daníelssyni, málskostnað fyrir landsyfirdóminum með 15 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 62/1893:

Eiríkur Jóhannsson  
 gegn  
 Ólafi Árnasyni.

D ó m u r :

Mál þetta er í hjeraði höfðaði af hinum stefnda

kaupmanni Ólafi Árnasyni á Eyrarbakka gegn áfrýjand-  
 anum Eiríki bónda Jóhannssyni á Helgastöðum út af  
 verzlunarskuld að upphæð 98 kr. 51 e., og var það  
 dæmt af gestarjetti Árnassýslu 9. nóv. f. á., á þá leið,  
 að Eiríkur Jóhannsson skyldi greiða Ólafi Árnasyni  
 hina umstefndu skuld 98 kr. 51 e. með 5% vöxtum frá  
 stefnudegi 16. okt. f. á. til borgunardags og málskostna-  
 að allan að skaðlausu. Þessum dómi ásamt úrskurði  
 dómars, uppkveðnum 27. okt. f. á. svo og fjárnáms-  
 gjörð, er framkvæmd var eptir dómnum hjá hinum dóm-  
 fellda af fógatarjetti Árnassýslu, 28. nóv. f. á., hefur  
 Eiríkur Jóhannsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu  
 útgefinni 13. desbr. f. á., og gjört þær rjettarkröfur  
 fyrst og fremst, að nefndum úrskurði frá 27. október f.  
 á. — en með honum var áfrýjanda neitað um mánað-  
 ar frest, sem hann þá bað um — verði hrundið og  
 breytt þannig, að hinn umbeðni frestur verði veittur,  
 og að dómurinn í málinu og öll meðferð á því eptir  
 úrskurðinn sem og fjárnámsgjörðin, verði dæmd ó-  
 merk og málinu vísað heim aptur til nýrrar og löglegri  
 meðferðar og dómsáleggingar, og ennfremur að honum  
 verði dæmdur hæfilegur málskostnaður hjá stefnda, en  
 til vara krefst áfrýjandi þess, að dómurinn og fjárnáms-  
 gjörðin verði úr gildi felld og hann algjörlega sýknaður  
 af kröfum stefnda, en stefndi dæmdur til að endur-  
 gjalda málskostnað fyrir báðum dómum með 100 kr.  
 eða einhverju eptir rjettarins mati nægilegu. Hinn  
 stefndi kaupmaður Ólafur Árnason hefur af sinni hálfu  
 krafizt þess, að gestarjettardómurinn verði staðfestur og  
 að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum máls-  
 kostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu.

Með hinum áfrýjaða gestarjettarúrskurði frá 27. okt.



f. á., sem nefndur er að framan, var áfrýjanda neitað um að fá mánaðarfrest til þess að sanna mál sitt, en með því að hann hvorki fyrir undirjetti, þar sem honum þó beinlínis var gefið tilefni til þess af hálfu dómars, nje heldur fyrir yfirdómi hefur gjört tilraun til þess að rökstyðja þessa frestbeiðni með því, að nefna sannanir þær, er hann ætlaði að útvega, eða yfir höfuð gjöra það sennilegt, að hann gæti útvegað sjer varnargögn, ef hann fengi frestinn, verður úrskurðinum eigi hrundið og ómerkingar- og heimvísunarkrafa áfrýjanda eigi tekin til greina.

Með skuldabryjfi, útgefnu 8. ágúst 1892, lofar áfrýjandi að greiða af skuld sinni við verzlun Guðmundar Ísleifssonar á Eyrarbakka — en það er skuld sú, sem hjer er fyrir dómi — 80 kr. fyrir 1. okt. það ár, og það sem þá er eptir af skuldinni fyrir 31. s. m.; ennfremur að mæta fyrir gestarjetti á Eyrarbakka, ef til málssóknar skyldi koma fyrir þá sök, að hann eigi stæði í skilum, og loksins til að borga allan málskostnað skaðlaust. Samkvæmt áteiknun stefnda á brjefið, dags. 14. okt. f. á., var skuld áfrýjanda þá 98 kr. 51 e. Gildi þessa skuldabryjfs hefur áfrýjandi alls eigi veffengt, nje heldur mótmælt ákvæði stefnda um skuldarupphæðina og eigi heldur því, að stefndi sje rjettur sóknaraðili. En hann þykist hafa borgað alla skuldina haustið 1892 með 9 sauðkindum, er hann þá hafi afhent skuldareigandanum Guðmundi Ísleifssyni eða umboðsmanni hans. Hinn stefndi hefur mótmælt þessu, og skýrt svo frá, að umræddar sauðkindur hafi Guðmundur Ísleifsson tekið til þess að flytja þær til Englands og selja þær þar fyrir reikning og á kostnað áfrýjanda, en alls eigi upp í hina umstefndu skuld, enda

hafi kindunum verið skilað aptur til áfrýjanda, þegar ekkert varð úr áminntum sauðaflutningi til Englands, og hefur áfrýjandi kannast við, að hann hafi fengið kindurnar aptur og tekið við þeim. Enn fremur hefur hann sjálfur fyrir rjetti látið bóka það, að hann hafi í haust, er leið, boðið 3 sauði til borgunar upp í skuldina, og hefur þannig fyllilega kannast við hana ári eptir að sauðasalan til Englands átti fram að fara. Undanfærsla áfrýjanda að borga hina umstefndu skuld er því augljóslega ástæðulaus og verður að staðfesta hinn áfrýjanda dóm í öllum greinum hans. Samkvæmt þessum úrslitum málsins og með því að ekkert er fundið að forminu á hinni áfrýjuðu fógeta-gjörð, verður hún að standa óhögguð. Svo verður áfrýjandi og að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 25 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Gestarjettardómurinn og hin áfrýjanda fógeta-gjörð á að vera óröskuð. Áfrýjandi, Eiríkur Jóhannsson, greiði hinum stefnda Ólafi Árnasyni kostnað máls þessa fyrir yfirdómi með 25 krónum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna, frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 2. júlímánaðar.

Nr. 48/1893:

Vilhjálmur Árnason  
 gegn  
 Birni Þorlákssyni.

D ó m u r:

Mál þetta var höfðað í hjerði af ritstjóra Skapta